

Miðvikudaginn 12. janúar 1966.

Nr. 25/1965. **Rafgeislahitun h/f** (Ingi R. Helgason hrl.)

gegn

**Þorvaldi Þórarinssyni hæstaréttarlögmanni
f. h. Wydawnictwa Handlu Zagranicznego
og gagnsök (sjálfur).**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Aðalsök felld niður.

Héraðsdómur í skuldamáli og fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Er málið var tekið þar fyrir hinn 7. þ. m., var þing eigi sótt af hendi aðaláfrýjanda. Ber því að fella aðalsök í máli þessu niður, sbr. 39. gr. laga nr. 57/1962.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. marz 1965, áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu sama dag. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða héraðsdóms ásamt fjárnámsgerð og málskostnaðar af aðaláfrýjanda hér fyrir dómi.

Með því að engir annmarkar eru á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum, ber að staðfesta þær.

Málskot aðaláfrýjanda, sem eigi sótti þing í héraði, var gersamlega ófyrirsynju og veitti gagnáfrýjanda efni til áfrýjunar málsins einnig af sinni hálfu. Er því rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Aðalsök máls þessa fyrir Hæstarétti er felld niður.

Í gagnsök eru hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð staðfest.

Aðaláfrýjandi, Rafgeislahitun h/f, greiði gagnáfrýjanda, Þorvaldi Þórarinssyni hæstaréttarlögmanni f. h.

Wydawnictwa Handlu Zagranicznego, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 25. september 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. Wydawnictwa Handlu Zagranicznego, Marszałkowuska 124, Varsjá, Póllandi, höfðað með stefnu, útgefinni 20. júlí 1964, gegn Guðlaugi E. Jónssyni framkvæmdastjóra, Heiðagerði 116, Reykjavík, f. h. Rafgeislahitunar h/f, Grensásvegi 22, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð 210 bandaríkjadóllarar ásamt 8% ársvöxtum frá 14. júní 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu í samræmi við gjaldskrá Lögmannafélags Íslands svo og til staðfestingar á löghaldsgerð, er fram fór hjá stefnda 14. júlí 1964.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að sumarið 1962 hafi stefndi tekið þátt í alþjóðlegri vörusýningu, sem haldin var í Poznań í Póllandi. Hafi stefndi í sambandi við vörusýningu þessa farið þess á leit við stefnanda, að hann léti prenta á pólsku auglýsingablað í 3000 eintökum til afnota á sýningunni. Hafi stefnandi síðan látið sjá um prentun þessa rits og stefndi átt að greiða reikninginn við afhendingu, en hann sé dags. 14. júní 1962. Kveður stefndi reikningsfjárhæðina vera stefnukröfuna, sem eigi hafi fengizt greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður því skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 3.700.00.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Árna Árnasyni og Sveini Helgasyni kaupmönnum.

Dómsorð:

Stefndi, Guðlaugur Jónsson f. h. Rafgeislahitunar h/f, greiði stefnanda, Þorvaldi Þórarinssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Wydawnictwa Handlu Zagranicznego, 210 bandaríkja-

dollara með 8% ársvöxtum frá 14. júní 1962 til greiðsludags og 3.700.00 ísl. krónur í málskostnað.

Framangreint löghald er staðfest.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. janúar 1966.

Nr. 104/1965. **Helgi Grétar Helgason vegna sjálfs sín og áhafnar v/b Vilborgar, KE 51,**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

gegn

Jóhannesi Gunnari Jóhannessyni f. h.
stjórnar Eldeyjar h/f
(Magnús Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1965 og krafist þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3.000.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst áfrýjandi sjóveðréttar í v/b Eldey, KE 37, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

V/b Eldey, KE 37, var hinn 31. janúar 1964 staddur í neyð þeirri, er greinir í 199. gr. laga nr. 66/1963, og var hjálp Vilborgar, KE 51, honum til handa því björgun. Bjarglaunin eru samkvæmt sjónarmiðum 200. gr. nefndra laga hæfilega ákveðin kr. 240.000.00.

Með skírskotun til 7. gr. upphafsákvæðis og 6. tl. 205.